

Ársskýrsla fagdeildar fræðslu- og skólafélagsráðgjafa 2023-2024

Fagráð fagdeildar: Guðbjörg Edda Hermannsdóttir formaður, Krístrún Helga Ólafsdóttir ritari og dr. Sigrún Harðardóttir meðstjórnandi.

Yfirlit yfir helstu störf fagdeildar fræðslu- og skólafélagsráðgjafa á starfsárinu 2023- 2024:

Fagráð fagdeildar hittist og fundaði í nokkur skipti á starfsárinu. Fagráðið hefur leitast við að halda skrá um fjölda starfandi skólafélagsráðgjafa og jafnframt boðið nýja velkomna í fagdeildina ásamt því að hvetja þá til samskipta og samtals sín á milli. Það er ánægjulegt að segja frá því að skólafélagsráðgjöfum fer fjölgandi og er fjöldi þeirra sem starfar í grunn- og framhaldsskólum víða um landið 21.

Sigrún Harðardóttir fór á tvo fundi með Steinunni Bergmann, formanni Félagsráðgjafafélags Íslands, hjá Nefndasviði Alþingis í maí 2023 til að fylgja eftir umsögnum sem félagið setti inn í umsagnagátt Alþingis. Þar var annars vegar um að ræða frumvarp til laga um stofnun Mennta- og skólaþjónustustofu og hins vegar um þingsályktunartillögu um ráðningu skólafélagsráðgjafa í alla grunn- og framhaldsskóla.

Auk þess hefur fagráð fagdeildar komið að undirbúningi að diplómálinu um áfallamiðað skólastarf sem enn er í vinnslu innan Háskóla Íslands. Þess er vænst að hægt verði að fara af stað með námið haustið 2025.

Þann 3. október 2023 hélt fagdeildin fund á Teams fyrir starfandi skólafélagsráðgjafa. Það mættu 10 skólafélagsráðgjafar á fundinn auk fagráðs fagdeildar. Umræðuefni fundarins var fjölbreytt. Byrjað var á því að kynna fyrirhugað ASEBA námskeið fyrir félagsráðgjafa í skólum undir leiðsögn Halldórs S. Guðmundssonar, félagsráðgjafa og dósents við Félagsráðgjafardeild Háskóla Íslands. ASEBA er gagnlegt tæki til að mæla innri og ytri líðan líkt og kvíða og líkamleg einkenni en einnig reiðitengda hegðun, hugsana- og athyglisvanda.

Þá kynnti fagráðið alþjóðlega ráðstefnu skólafélagsráðgjafa í Baltimore Bandaríkjunum sem halda átti í mars 2024. Auk þess var rætt var um hugmyndir að fræðsluerindum sem gætu nýst fyrir skólafélagsráðgjafa. Meðal hugmynda sem upp komu voru a) skólaforðun/skólasóknarvandi, en svo virðist vera að nemendum sem glíma við þann vanda fari fjölgandi, b) áfallamiðuð nálgun í vinnu með nemendum og c) ráðgjöf varðandi krefjandi

hegðun nemenda. Ákveðið var að stefna að fræðslu um skólaforðun. Í framhaldi af því sagði Sigrún frá rannsókn hennar og Ingibjargar Karlsdóttur félagsráðgjafa á BUGL um skólaforðun og velti því upp hvort skólafélagsráðgjafar gætu haft áhuga á að koma að þeirri rannsókn. Þá var rætt um hvort það væri áhugi fyrir áframhaldandi hóphandleiðslu hjá Sigrúnu sem hófst haustið 2022 og lauk í maí 2023. En þær sem sóttu hana síðastliðið skólaár létu vel af handleiðslunni.

Á fundinum sköpuðust einnig umræður um mikilvægi skólafélagsráðgjafa og að félagsráðgjafar eigi brýnt erindi í skóla, sér í lagi í tengslum við farsældarlögin. Rætt var um að það þyrfti að kynna skólafélagsráðgjöf betur fyrir skólastjórnendum og ráðamönnum. Tillaga til þingsályktunar um félagsráðgjöf í grunn- og framhaldsskólum var lögð fram í fjórða sinn á þingárinu 2022–2023 af Oddnýju Harðardóttur þingkonu Samfylkingarinnar en hlaut ekki brautargengi. Tillagan hefur enn ekki verið sett á dagskrá á núverandi þingári en samkvæmt okkar upplýsingum er nokkur áhugi á tillögunni innan þingsins og vonandi næst að leggja hana fyrir áður en þinglok verða. Fundargestir voru allir sammála um mikilvægi þess að fylgja þessu eftir.

Félagsráðgjafafélag Íslands og fagdeild skólafélagsráðgjafa stóðu fyrir áðurnefndu námskeiði um ASEBA matstæki þann 25. október sl. á Zoom þar sem Halldór bauð einnig upp á eftirfylgni fyrir þátttakendur í tvö skipti. Markmið með námskeiðinu var að þátttakendur kynntust og/eða endurnýjuðu kynni sín af ASEBA matslistanum og notkunarmöguleikum hans. Lögð var sérstök áhersla á notkunarmöguleika ASEBA mælitækjanna í skólum og í skólaþjónustu. Þátttaka á námskeiðinu var mjög góð og mikil ánægja var á meðal þátttakenda að fá þjálfun í notkun á slíku verkfæri.

Því miður gafst ekki tækifæri til að bjóða upp á áframhaldandi hóphandleiðslu á þessu starfsári en það stendur til að endurvekja hana með haustinu. Auk þess náðist ekki að skipuleggja fræðslufund um skólaforðun sökum anna hjá fagraði en stefnt er að því í haust.

Líkt og undanfarin ár er markmið fagdeildarinnar að virkja og viðhalda samskiptum á milli skólafélagsráðgjafa á ólíkum skólastigum, vera í samvinnu og samráði við annað fagfólk og ráðamenn, ásamt því að fylgja eftir áðurnefndri þingsályktunartillögu og halda áfram að vekja athygli á félagsráðgjöf í skólum í ljósi farsældarlaganna og mikilvægi félagsráðgjafa þar.

10. apríl 2024

Guðbjörg Edda Hermannsdóttir

Kristrún Helga Ólafsdóttir

Sigrún Harðardóttir